


Teiknistofa P Z ehf
Ráðgjafarverkfræðiþjóstusta FRV
Páll Zóphóniasson,
byggingartæknifræðingur
Kirkjuvegi 23
900 Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. apríl 2010
Tilvísun: UST20100100682/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Akrahrepps 2010 – 2022.

Vísað er til erindis Teiknistofu PZ ehf. er barst 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Akrahrepps 2010 – 2022.

Skipulagi og framkvæmdum frestað

Í greinargerð aðalskipulags Akrahrepps kemur fram að skipulagi sé frestað á svæði við Villinganesvirkjun í Jökulsá og Skatastaðavirkjun. Fram kemur að matsskýrsla um umhverfisáhrif 33 MW virkjunar hafi farið fram árið 2001. Einnig kemur fram að Landsnet áformar lagningu háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar um Skagafjörð. (Blöndulína 3). Fram kemur í umhverfisskýrslu að niðurstaða skipulagsvinnu var að fresta skipulagi fyrir legu háspennulínu og tengivirkis, fyrst og fremst vegna óvissu um leiðarval hjá framkvæmdaaðila, en valkostir eru sýndir á sveitarfélagsuppdrætti. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til hinna mismunandi kosta þegar mat á umhverfisáhrifum þeirra liggur fyrir.

Efnistökusvæði

Í umhverfismati aðalskipulagsins kemur fram að á námaskrá Vegagerðarinnar séu 23 efnisnámur í Akrahreppi og að námaskrá sé stefnumarkandi fylgiskjal með aðalskipulagi Akrahrepps 2010 – 2022. Einnig kemur fram að eitt af markmiðum sveitarfélagsins er að efnisvinnsla verði háð m.a. mati á efnisgæðum, áhrifum á náttúru og landslag, og að áhersla sveitarstjórnar sé á stjórnun efnistökusvæða og að þeim verði fækkað og lokað að efnistöku lokinni. Í greinargerðinni koma einnig fram markmið er varða efnisnám m.a. það markmið að haldin verði skrá yfir efnisnámur og að virkt eftirlit verði með vali á námum og frágangi þeirra. Í kafla um forsendur er sýnt kort yfir námur í sveitarfélaginu og einnig tafla frá Vegagerðinni yfir námurnar. Athygli vekur að bæði á korti og í töflu er fjöldi náma sem hefur þegar hefur verið gengið frá. Að mati Umhverfisstofnunar á að sýna í aðalskipulagi þær námur sem ætlað er að vinna úr á skipulagstímabilinu. Fullfrágengnar námur á ekki að sýna sérstaklega þar sem ekki stendur til að nýta þær. Að mati Umhverfisstofnunar er skortur á stefnu í efnistöku málum ef námaskrá Vegagerðarinnar er tekin beint upp í aðalskipulagstillöguna án umfjöllunar um sérhverja námu. Fram kemur í greinargerð að víða

eru námur í árfarvegum. Umhverfisstofnun bendir á að leyta þurfi leyfis Fiskistofu fyrir efnistöku úr árfarvegi sem getur haft áhrif á lífríki í ám.

Frístundabyggð

Í greinargerð kemur fram að í sveitarfélaginu eru 14 sumarhús. Einnig koma fram markmið um frístundabyggð og fram kemur að svæðin séu lituð í samræmi við reglugerð og gefinn bókstafurinn F- og númer. Umhverfisstofnun bendir á að frístundabyggð er ekki merkt á sveitarfélagsuppdrátt.

Iðnaðarsvæði

Í umfjöllun um iðnaðarsvæði, og virkjanasvæði kemur fram að það séu markmið sveitarfélagsins að jarðhiti og orka fallvatna verði nýtt til hagsbóta fyrir fyrirtæki og heimili í héraðinu og að fara skuli fram leit og nýting jarðvarma sem víðast í Akrahreppi og að heimilt verði að byggja litlar vatnsaflsvirkjanir til staðbundinnar framleiðslu og sölu inn á almenn veitukerfi. Ekkert kemur fram um hvar áætlað er að leita að nýtanlegum jarðhita, né hvar áætlað er að fara í litlar vatnsaflsvirkjanir. Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. 2. gr. ii, 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000: *"er borun eftir jarðhita á lágheatasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni," "Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum"*

Skógræktarsvæði

Í kaflanum um forsendur er fjallað um upprunalega birkiskóga og skógrækt. Fram kemur að hæsti fundarstaður birkis yfir sjávarmáli á Íslandi er í Austurdal í 620 m hæð. Þar sem skógrækt er stunduð á svæðinu og trjágróður vex svo hátt yfir sjávarmáli, vill Umhverfisstofnun benda á að samkvæmt 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 er : „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“ Þetta þýðir að óheimilt er að rækta framandi tegundir fyrir ofan 500 metra yfir sjó.

Náttúruvernd

Í umhverfisskýrslu er fjallað um svæðið austara Eylendið og það, að í Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 hafi verið lagt til að svæðið verði friðlýst. Á ofangreindu svæði er mikið um fuglalíf eins og fram kemur í umhverfisskýrslu og kaflanum um forsendur aðalskipulags og er ljóst að svæðið er eitt mikilvægast fuglasvæði landsins, enda á svæðinu fjölbreytt mýrlendi, flóar, tjarnir og gróðurmikil vötn. Í umhverfisskýrslu segir að sveitastjórn Akrahrepps hafi ákveðið að fresta ákvörðun um friðlýsingu Austara Eylendis um ótiltekin tíma. Að mati Umhverfisstofnunar er það miður, og vill stofnunin benda á hve mikilvægt er að vernda votlendi með fjölbreyttu fuglalífi, sérstaklega í ljósi þess að stór hluti votlendis á Íslandi hefur verið þurrkaður með framræslu. Ofangreint svæði er á náttúruminjaskrá sem svæði sem vert er að friðlýsa.

Í greinargerð er listi yfir jarðmyndanir og gróðursvæði, og kafli um flokkun náttúruminja, þar sem fjallað er um þörf á flokkun þeirra og að tilgreina þurfi að hvers konar verndun beri að stefna að. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sveitarfélagið flokki náttúruminjarnar og tilgreini stefnumörkun sína varðandi náttúruminjarnar á listanum. Einnig er mikilvægt að tilgreina svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr.44/1999 um náttúruvernd.

Hverfisvernd

Í umfjöllun um hverfisverndarsvæði í greinargerð eru vangaveltur um að mikilvægt væri að hverfisvernda Austurdal. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að hverfisvernda Austurdal, en bendir á að í aðalskipulagi eigi að marka stefnu sveitarfélagsins um hverfisvernd, en ekki ræða æskilega stefnu. Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd á svæðum norðan Hofsjökuls.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson
Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Akrahreppur